

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2015

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 561. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 975

Með tölvubréfi, dags. 10. mars s.l., barst Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um Seðlabanka Íslands og lögum um neytendalán (erlend lán, varúðarreglur).

Frumvarpinu mun einkum vera ætlað að skýra óljósa stöðu gengistryggðra lána og tryggja innleiðingu á hinum ýmsu varúðarreglum sem nauðsynlegar kunna að vera í tengslum við slíkar lánveitingar. Fyrir lífeyrissjóði sem hafa það mikilvæga hlutverki að gegna að taka við iðgjöldum og ávaxta þau til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sína er afar mikilvægt að hér ríki fjármálastöðugleiki. Því liggur fyrir að LL styðja frumvarpið.

Þar sem það er afar mikilvægt að slíkar reglur séu settar á þeim tíma sem okkur er öllum í fersku minni afleiðingar fjármálahrunsins vakna jafnframt spurningar um hvort ástæða sé til að ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í a. lið 5. gr. frumvarpsins segir m.a. : „Óheimilt er að veita lántaka slíkt lán nema greiðslumat leiði í ljós að hann hafi augljóslega fjárhagslega burði til að standast verulegar breytingar á gengi þess gjaldmiðils sem tekjur lántaka eru í samanborið við þann gjaldmiðil sem lánið er í eða tekur mið af.“

Hér kann að vera þörf á að gera sambærilegar kröfur komi til breytinga á vöxtum í viðkomandi mynt.

Í b. lið 5. gr. frumvarpsins segir:


„Ráðherra getur að fenginni umsögn Seðlabankans bundið greiðslumat vegna erlendra lána sérstökum skilyrðum, svo sem um erlendar tekjur og erlendar tryggingar lántaka. Í reglugerðinni **má** enn fremur tilgreina viðmið sem lögð skulu til grundvallar mati á því hvað telst veruleg breyting á gengi íslensku krónunnar gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og eftir atvikum verulegar breytingar á erlendum vöxtum.“

Þarna er ráðherra veitt heimild til að tilgreina viðmið sem lögð skulu til grundvallar, sbr. feitletraða orðið hér að ofan. Spurningar vakna hvort ekki sé æskilegra að tilgreina skyldu til slíkrar reglugerðarsetningar og nota því fremur orði „skal“ en „má“.

Eins og fyrr greinir styðja LL samþykkt þessa frumvarps enda mikilvægt að styrkja sem flestar stoðir sem stuðlað geta að stöðugleika til framtíðar.

Virðingarfyllst

f.þ. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri